um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði.

Flm.: Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Jón Kristjánsson,
Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði í landinu.

Sérstök áhersla verði lögð á jöfnun kostnaðar við upphitun húsa. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1989 verði gert ráð fyrir fjármagni til slíkra aðgerða.

Greinargerð.

Þegar hin mikla hækkun varð á olíu á heimsmarkaði sem orsakaði alvarlega röskun á efnahagskerfi heimsins hafði hún þau áhrif hér að við blasti alvarleg efnahagskreppa þar sem innflutt olía var einn aðalorkugjafi hér á landi.

Við þessu var brugðist með því að ráðast í stórframkvæmdir í virkjun innlendra orkugjafa, reist raforkuver og hitaveitur og tekin til þess erlend lán í stórum stíl.

Jafnframt gerðu stjórnvöld ráðstafanir til að hvetja fólk til að leggja af olíuupphitun og þeir landsmenn, sem ekki voru svo lánsamir að fá hitaveitu, notuðu raforku í stað olíu.

Þjóðin var samstiga í þessum aðgerðum og á örskömmum tíma má segja að öll híbýli manna á Íslandi væru annaðhvort tengd hitaveitu eða raforku. Niðurgreiðslum á olíu til upphitunar var hætt. Stjórnvöld lofuðu jöfnun á orkuverði, var miðað við að orkuverð yrði sambærilegt um land allt. Það var sjálfsögð skylda stjórnvalda þar sem þjóðin hafði sinnt kalli um að nýta innlenda orku í stað innfluttrar sem tók stærstan hluta af gjaldeyristekjum landsins. Ekki þarf að rekja þessa sögu frekar í þessari stuttu greinargerð.

Áform stjórnvalda um að jafna orkuverð í landinu hafa því miður ekki tekist. Mikilvægar hitaveitur hafa lent í miklum þrengingum vegna erfiðra erlendra lána, verðið því ekki lækkað eins og áætlað var. Miklu alvarlegra er þó að verð á raforku til upphitunar hækkar jafnt og þétt og jafnhliða er dregið úr niðurgreiðslum.

Landsvirkjun ræður heildsöluverði raforku og Rafmagnsveitur ríkisins eru reknar með auknum halla.

Verð á raforku til húshitunar hefur hækkað frá 1. janúar 1987 til loka febrúar 1988 um allt að 50%. Það sem er alvarlegast í þessum samanburði er að sé miðað við heimsmarkaðsverð á gasolíu í dag er 80% dýrara að hita upp atvinnuhúsnæði með rafmagni og 35% dýrara að hita upp íbúðarhúsnæði — þrátt fyrir niðurgreiðslur á rafhitun til íbúðarhúsa — heldur en með innfluttri gasolíu. Þetta háa orkuverð hjá rafveitum og sumum hitaveitum bitnar nær eingöngu á íbúum landsbyggðarinnar; eru þar mýmörg dæmi um upphitunarkostnað sem er tvöfalt til fjórfalt hærri en hér á höfuðborgarsvæðinu.

Orkukostnaður í atvinnurekstri út um land er orðinn fyrirferðarmesti liðurinn í rekstri fyrirtækja, ekki síst í fiskvinnslu og orkufrekum iðnaði.

Ekki er hægt að ætlast til að fólk almennt taki á ný upp kyndingu með olíu þar sem öll slík kerfi hafa verið fjarlægð og eingöngu miðað við útbúnað fyrir raforku og/eða hitaveitu. Slíkar breytingar mundu kosta stórfé og hafa í för með sér ýmis vandamál.

Við þessum vanda verður að bregðast með áþreifanlegum aðgerðum. Það má ekki dragast annars verða afleiðingar þessa alvarlegri en menn sjá nú fyrir. Hluti þjóðarinnar, sem er þolendur þessa háa orkuverðs, getur ekki lengur við þetta búið, afleiðingarnar verða stórfelldur tilflutningur fólks frá landsbyggðinni sem getur haft í för með sér stærri efnahagsvanda fyrir þjóðarbúið í heild en nú blasir við.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt sem tilraun til þess að fá Alþingi til að láta í ljósi ákveðna viljayfirlýsingu um að láta leysa þetta mál á þessu ári og yrði hún staðfest með afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.